



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 21. ágúst 2025

Efni: Breytingar á skipulagi velferðarsviðs.

Breytingar á stjórnkerfi og skipuriti Kópavogsbæjar voru samþykktar í bæjarstjórn þann 25. febrúar sl. Í breytingunum fólst að stjórnarsýslusvið og fjármálasvið bæjarins voru lögð niður og í stað þeirra stofnaðar fjórar skrifstofur um verkefni sviðanna. Breytingar þessar hafa afleidd áhrif á skipulag velferðarsviðs.

- Staða mannauðsráðgjafa velferðarsviðs færast frá skrifstofu sviðsstjóra á velferðarsviði yfir á skrifstofu mannauðs- og kjaramála. Breytingin hefur þegar átt sér stað og er mannauðsráðgjafi áfram með viðveru í Vallakór að jafnaði tvo daga í viku.
- Stöður rekstrarstjóra og bókahalds- og rekstrarfulltrúa færast frá skrifstofu rekstrar á velferðarsviði yfir á skrifstofu áhættu – og fjárstýringar. Breytingin hefur þegar átt sér stað en rekstrarstjóri er áfram með viðveru í Vallakór eftir þörfum.
- Afgreiðsla velferðarsviðs í Vallakór verður sameinuð þjónustuveri á Digranesvegi og mun heyra undir skrifstofu þjónustu. Í afgreiðslunni eru starfandi þrír starfsmenn. Breytingin hefur enn ekki átt sér stað.
- Skrifstofa rekstrar á velferðarsviði verður lögð niður og þrír starfsmenn sem sinna fjölbreyttum verkefnum tengt bakvinnslu færast á skrifstofu sviðsstjóra á velferðarsviði.

Í kjölfar vinnustaðagreiningar á skrifstofu þjónustu og sértækrar ráðgjafar var tekin ákvörðun um að gera breytingar á skrifstofunni.

- Frá og með 1. september n.k. mun Miðjan - miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu færast beint undir sviðsstjóra og starfa sem sjálfstæð eining sem þjónustar fagskrifstofur sviðsins.
- Frá og með 1. september n.k. mun Íbúðakjarninn Hörðukór og sértæka heimaþjónustan færast aftur undir skrifstofu starfsstöðva og þróunar.
- Skrifstofan heitir nú „Skrifstofa sértækrar ráðgjafar“.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

